


Raddir barna um vinnustundir og líðan í leikskólanum


Viðtöl við börn fædd 2013, 2014 og
2015 tekin í síðustu viku mars 2019

Bakgrunnsupplýsingar

- Könnunin fór fram 21. til 28. mars 2019
- Allflest börn fædd 2015, 2014 og 2013 svöruðu könnuninni eða 34 börn
- Til þess að tryggja að yngstu börnin þekktu nöfn kennaranna fengu þau líka mynd af honum og þau spurð í framhaldi, hvernig er í vinnustund hjá
- Börnin svöruðu með bros- eða fýlukarli 
- Börnin voru beðin um að segja/ rökstyðja eitthvað um stundirnar sem þau flest gerðu

Bernskulæsi

Hvernig er í vinnustundum hjá Unu?



■ Gaman ■ Bæði gaman og leiðinlegt ■ Leiðinlegt

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í bernskulæsi hjá Unu

- Það er gaman að spila samsæðuspilið sem eru með svona stöfum á
- Það er gaman að vera í Lubbastund og læra stafina hjá Unu
- Það er skemmtilegt að læra stafina og segja þá
- Það er skemmtilegt að syngja um stafina
- Samstæðuspilið er skemmtilegast og líka þegar við lærum um S-ið því þá fáum við súkkulaði
- Það er voða gaman að leika í dótinu hennar Unu
- Það er leiðinlegt að blása
- Það er skemmtilegast að spila samstæðuspilið
- Við erum bara að læra eitthvað
- Við eru að spila og lesa

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í bernskulæsi hjá Unu


- Að spila samstæðuspilið er skemmtilegast
- Við erum að læra samstæðuspilið og læra S-ið
- Það er gaman hjá Unu þegar við erum að búa til lög og líma myndir og lita í kringum þær
- Lubbastundirnar eru skemmtilegastar
- Það sem er skemmtilegast er spilið sem börnin tákna spil með öllum orðun í heiminum með táknum
- Við erum að læra stafina hjá Unu
- Það er skemmtilegast að spila og samstæðuspilið er skemmtilegast
- Það sem er skemmtilegast er Lubbastund og að læra stafina
- Við erum að spila og reikna og það er skemmtilegt
- Við erum að spila og læra að lesa hjá Unu
- Það er skemmtilegast að fara í spil og læra stafina

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í bernskulæsi hjá Unu

- Við erum að læra að lesa og ég er búinn að læra smá stafina og svoleiðis
- Una er að kenna okkur stafina og kenna okkur að lesa
- Að spila samstæðuspilið er skemmtilegast
- Bara að leika hjá Unu er skemmtilegt
- Það er skemmtilegt að leika og spila hjá Unu en það er leiðinlegt að læra stafina en ég kann þá samt
- Að æfa stafina er skemmtilegt en líka smá leiðinlegt
- Það er voða gáma að spila en ég veit ekki hvað spilið heitir. Svo er samstæðuspilið mjög skemmtilegt, við fáum stig ef við fáum eins
- Það er voða gaman, hún er alltaf að segja eitthvað og syngja

Spil og leikir

Hvernig er í vinnustundum hjá Sæunni



Þetta sögðu börnin um vinnustundir í spilum hjá Sæunni

- Það er mjög gaman hjá Sæunni og gaman að spila og blása sápukulur
- Við erum að spila hjá Sæunni og bangaspilið er skemmtilegast
- Við erum að spila skemmtileg spil
- Það er skemmtilegast að spila
- Hljóðaspilið er skemmtilegast
- Bangaspilið er skemmtilegast
- Það er skemmtilegast í spilinum sem maður setur kringlótt á en við þurfum samt að spila annað spil og þá er leiðinlegt
- Gaman að spila hjá Sæunni
- Við erum að spila og prófa búskurnar hjá Sæunni sem er skemmtilegt og líka blása sápukulur
- Öll spilin eru skemmtileg
- Það er svona spil sem maður þarf að spyrja eins og veiðimaður og svoleiðis. Sæunn tekur spilið og sýnir alveg eins og í bingói
- Það er leiðinlegt að spila öll spilin

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í spilum hjá Sæunni


- Mjög gaman að blása sápukúlur hjá Sæunni
- Það er mjög skemmtilegt að spila spilið þar sem við setjum kringlótta dótið á spjöldin en það er líka leiðinlegt þegar við erum lengi og þurfum að bíða eftir hinum
- Það vill enginn fara í eðlurnar með mér og það finnst mér leiðinlegt
- Það er bara gaman að leika hjá Sæunni
- Blása sápukúlur er skemmtilegast
- Að spila Bangsaspilið er skemmtilegt
- Skemmtilegasta spilið sem er mjög gaman að spila og svo blásu við sápukúlur
- Það er gaman að spila, spila bingó og segja hvað maður er með
- Það er skemmtilegast að spila, blása sápukúlur, spila samstæðuspil og bangaspil
- Mér finnst bangaspilið skemmtilegast

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í spilum hjá Sæunni

- Það er gaman að spila hljóðaspilið
- Það er gaman þegar hún segir hvað er á myndinni og svo setjum við hring á myndina
- Það er gaman að púsla og spila hjá Sæunni
- Að blása sápukúlur er skemmtilegt og svo er bara allt skemmtilegt
- Það er leiðinlegt þegar við þurfum að syngja NÚ SKULUM VIÐ SYNGJA HVAÐ VIÐ HEITUM.
- Öll spilin eru bara skemmtileg
- Það er gaman að spila allt

Vísindi og skapandi starf

Hvernig er í vinnustundum hjá Ósk?



■ Gaman ■ Bæði gaman og leiðinlegt ■ Leiðinlegt

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í vísindum og skapandi starfi hjá Ósk

- Það er voða gaman að skoða dótið sem Ósk á og líka að mála dót sem við hengjum svo upp
- Það er gaman að gera svona föndur og brúður hjá Ósk
- Hún segir eitthvað skemmtilegt og svo talar hún um það
- Við erum stundum að spila hjá Ósk en svo veit ég ekki meir
- Það er skemmtilegast að lita fiskana og gera brúðuleikhús
- Að mála hjá Ósk er skemmtilegast
- Það er leiðinlegt þegar við gerum eitthvað annað en að mála
- Gaman að mál
- Það er gaman að tala sama hjá Ósk
- Það er gaman að hlusta á sögu og svo eigum við að teikna hana, það er skemmtilegt
- Man ekki hvað við erum að gera hjá Ósk
- Það er skemmtilegt að byggja hund og svoleiðis

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í vísindum og skapandi starfi hjá Ósk


- Það er leiðinlegt hjá Ósk þegar við erum í heimspeki, leiðinlegt að tala og hlusta á sögu
- Gera fiska og regnbogafiska er skemmtilegt
- Það er leiðinlegt í vinnustundum þegar við þurfum alltaf að bíða í heimspeki. Það var miklu skemmtilegra þegar við vorum að föndra hjá Ósk
- Við erum að lita
- Það er gaman að leika og mála en leiðinlegt þegar það er sækjutíminn en þá er hundleiðinlegt
- Við erum að tala saman um dýrin og það er bara ágætt
- Það er gaman þegar hún segir okkur sögur og sýnir okkur dótið og síðan var það fiskurinn og kolkrabbi sem vildi fá hreistrið af gullfisknum
- Það er gaman að búa til óskasteina
- Það er gaman að föndra, búa til snjó Korn og mála. Það er alltaf gaman hjá Ósk
- Við erum að gera svona bók og lesa bók og það er bara gaman að því.

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í vísindum og skapandi starfi hjá Ósk

- Það er gaman að gera svona hluti og búa bara til svona allskonar sem enginn hefur séð
- Að gera hálsmen er skemmtilegt
- Að mála er skemmtilegt
- Að föndra allskonar og gera eitthvað skemmtilegt
- Það er skemmtilegt þegar hún segir okkur sögur
- Stundum erum við að mála og búa til leir sem er gaman

Íþróttir

Hvernig er í vinnustundum hjá Önnu Lovísu?



■ Gaman ■ Bæði gaman og leiðinlegt ■ Leiðinlegt

Þetta sögðu börnin um íþróttastundirnar hjá Önnu Lovísu

- Það er gaman að fara í eltingaleiki, skrímslaleikinn og Dimmalimm
- Það er ekki gaman að fara á fótboltavellin það er svo mikið af gæsaskít þar
- Leika í sandkassanum og moka með skóflu
- Það er sko allskonar sem við förum í og það er sko allskonar skemmtilegt
- Að fara með Önnu Lovísu er bara skemmtilegt
- Körfuboltinn er skemmtilegastur
- Stundum förum við í brekkuna og rennum okkur og stundum í íþróttir inni og það er bara allt gaman
- Að henda í körfu er skemmtileg og fara í fótbolta og klósettleikurinn er líka skemmtilegur og líka eltingaleikurinn
- Það sem er skemmtilegast er að fara út og renna í brekkunni og svo er gaman í körfubolta
- Það er gaman að læra nýja leiki úti

Þetta sögðu börnin um íþróttastundirnar hjá Önnu Lovísu


- Að leika með bolta og kasta á milli er skemmtilegt
- Að renna á rassapotu og fara í einingakubbana
- Að fara með Önnu Lovísu í brekkuna og renna
- Klósett – og skrímslaleikurinn er skemmtilegastur
- Það er gaman að leika
- Allskonar leikir og skotbolti
- Allir leikirnir eru skemmtilegir og svo er vító sem er skemmtilegast og svo fer hún með okkur í klósettleikinn sem er skemmtilegastur
- Að vera í leikfimi er skemmtilegt en fótbolti er skemmtilegastur
- Skemmtilegast er að fara í klósettleikinn
- Það er skemmtilegt að fara í útiþróttir með henni og líka að leika í salnum því þá setur hún upp rennibraut og rólur og svo fáum við að leika með boltana.

Þetta sögðu börnin um íþróttastundirnar hjá Önnu Lovísu

- Að fara á fótboltavöllinn er skemmtilegast
- Fótbolti og klósettleikurinn er skemmtilegastur en körfubolti er leiðinlegur því það er svo erfitt að hitta en dripla er skemmtilegt.
- Mýrin er skemmtilegust
- Skemmtilegast er að renna í stórubrekkunni
- Það er skemmtilegt að fara í allskonar leiki
- Það er mjög gaman að fara í eina krónu
- Rennna á rassapotu er skemmtilegt
- Rennna sér í snjónum á rassapotu
- Fótbolti, klósettleikurinn, körfubolti, renna, vítaspyrnukeppni, það er bara allt skemmtilegt
- Fótbolti er skemmtilegastur

Tónmennt

Hvernig er í vinnustundum hjá Önnu Maríu?



■ Gaman ■ Bæði gaman og leiðinlegt ■ Leiðinlegt

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í tónmennt hjá Önnu Maríu

- Það er voða gaman að vera með Önnu Maríu þegar hún er að segja frá Pétri og úlfinum. Það er líka voða skemmtilegt þegar við förum í trommuleikinn
- Það er gaman þegar við erum að hlusta á úflinn og Pétur og líka skemmtilegt þegar við setjum spil ofan á spjald
- Það er bara gaman að leika
- Öll tónlistarverkefnin eru skemmtileg
- Það er æðislegt að syngja, spila á hljóðfæri og hlusta er ógeðslega gaman
- Hún les og þá kemur hjóð
- Það er gaman að spila á bjöllurnar og spila gulur, rauður, grænn og blár
- Það er mjög gaman að sjá myndirnar um Pétur og úlfinn, endurnar og veiðimanninn
- Það er ekki gaman núna því mér er svo ill í hálsinum að ég get ekki sungið og þá kemur svona rúm rödd

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í tónmennt hjá Önnu Maríu

- Það er gaman að spila á hljóðfærin, hún á svo mikið af hljóðfærum
- Það er skemmtilegt þegar það kemur ný og ný persóna í Pétri og úlfinum
- Að spila á hljóðfæri er skemmtilegt að gera í vinnustundum hjá Önnu Maríu
- Pétur og úlfurinn er skemmtilegast
- Það er skemmtilegast að skoða kallana á spjöldunum í Pétri og úlfinum
- Það er gaman að prófa hljóðfærin og spila tónlist á þau
- Pétur og úlfurinn er mjög skemmtilegt
- Kötturinn og músin en það er ekki venjulegt því það kemur hljóð
- Það er gaman í tónlist og að spila á hljóðfærin

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í tónmennt hjá Önnu Maríu

- Að hlusta á Pétur og úlfinn er skemmtilegast
- Músaleikurinn er skemmtilegastur
- Frábært að vita hvaða persónur koma næst í Pétri og úlfinum
- Skemmtilegast að spila tónlist með hljóðfærunum
- Pétur og úlfurinn er skemmtilegastur
- Það er svo gama og spennandi því við erum að klára bókina um Pétur og úlfinn
- Við erum að spila lög og hlusta sem er bara mjög gaman
- Við erum að syngja, prófa hljóðfærin, gera leiki og syngja tónlist og allt hjá Önnu Maríu sem er skemmtilegt
- Við erum að spila tónlist með hljóðfærum sem er skemmtilegt

Vísindi og skapandi starf

Hvernig er í vinnustundum hjá Ragnheiði?



Þetta sögðu börnin um vinnustundir í vísindum og skapandi starfi hjá Ragnheiði


- Gaman að mála klaka hjá henni
- Gaman að leika hjá Ragnheiði
- Það er skemmtilegt að mála sögusteina og segja svo sögur
- Það er gaman þegar við erum að skreyta
- Það er gaman að búa til ísklaka og mál snjóinn
- Það var mjög gaman að mála snjó og klaka og svo tókum við mynd og sendum mömmu og pabba það var skemmtilegt
- Það er skemmtilegt að mála snjóinn
- Gaman að mála snjóinn
- Að mála sögusteina og svo bjuggum við til sögur
- Það er gaman að föndra og gera allt sem hún er að láta okkur gera

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í vísindum og skapandi starfi hjá Ragnheiði

- Það er gaman að búa til allskona dót hjá Ragnheiði
- Það er gaman að mála steinana
- Það var leiðinlegt að mála snjóinn
- Að mála er skemmtilegast og svo að lita og svo að mál ofan á það sem búið er að lita
- Það er bara gaman að föndra en allt annað leiðinlegt
- Man ekki hvað við gerum hjá Ragnheiði
- Skemmtilegast að mála sögusteinana og segja söguna um litlu stelpuna
- Það er skemmtilegt að fara í leiki en sumir eru ekki skemmtilegir
- Skemmtilegast að mála snjó

Lífsleikni

Hvernig er í vinnustundum hjá Önnu?



■ Gaman ■ Bæði gaman og leiðinlegt ■ Leiðinlegt

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í lífsleikni hjá Önnu

- Það er bara gaman hjá Önnu og þegar við sitjum á mottunni og segjum brandara og allskonar
- **Það er leiðinlegt þegar við þurfum að fara í röð sitjandi**
- Bara gaman og svo leikum við bara
- Við erum að læra allskonar hluti eins og að vera glaður og leiður og bara allskonar annað
- Man ekki hvað við erum að gera í lífsleikni hjá Önnu
- Það er gaman að leika og lita fiðrildi hjá Önnu og svona stjórnur og klippa út og lita og læra kurteisí og ekki rífast og vera í röð og ekki taka af öðrum
- Það er gaman í búðaleik hjá Önnu og lita eitthvað flott
- **Það er bæði skemmtilegt og líka leiðinlegt, t.d þegar maður heyrir vont þá er leiðinlegt en skemmtilegt þegar maður heyrir gott**
- Skemmtilegast að vera hjá Önnu og segja hvað við erum að gera

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í lífsleikni hjá Önnu


- Við tölum um að vera vondur og góður en það er betra að vera góður
- Það er bara ágætt að vera í vinnustund hjá Önnu og þá tölum við um að vera góð
- Við erum að teikna um frelsið og vera góð og svoleiðis
- Við erum að tala um frelsið
- Það er gaman að lita og svo erum við að tala um að vera góð
- Það er gaman í lífsleikni og það sem er gaman við það er að lita og mála og búa til listaverk fyrir salinn
- Að mál risablað og það voru þrjár að mála í einu
- Skemmtilegast þegar við búum til eins og myndir og svoleiðis
- Við tölum um Blæ og hann segir að við eigum að vera góð og stillt
- Við gerum allt hjá Önnu. Það er margt sem við tölum um og í dag vorum við að teikna fiðrildi, læra að vera frjáls og vera alveg út um allt og út um alla borgina meira að segja

Þetta sögðu börnin um vinnustundir í lífsleikni hjá Önnu

- Það er svo skemmtilegt í lífsleikni því þá tölum við svo mikið. Við tölum um hugrekki og svo málum við til að hengja upp myndir í salnum
- Við slökum á og litum
- Það er líka gaman að leika inni
- Við sitjum á mottu og horfum á myndir af stelpunni sem fékk ekki boðskort og þá var hún leið og fór að gráta
- Skemmtilegast að mála og tala um frelsið og líka hvað maður er góður
- Tungurnar og fiðrildin og segjum svo hvað er gott og hvað vont sem maður skrifar ekki í alvörunni með tungunni
- Að mála á stórt blað um frelsi og ég málaði fiðrildi

Barnkórinn

Hvernig er að syngja í kór?



■ Gaman ■ Bæði gaman og leiðinlegt ■ Leiðinlegt

Þetta sögðu börnin um að syngja í kór


- Það er gaman að syngja í kór og það var gaman að syngja ég man ekki hvar en inn í húsinu og við sáum upp í loftið
- Gaman að syngja Dögginn á rósum
- Gaman að syngja í kór og skemmtilegast þegar við stöndum okkur vel þá fáum við ís.
- Það er allt skemmtileg við það að syngja í kór
- Það er gaman að fá ís þegar við stöndum okkur
- Það er gaman en stundum leiðinlegt þegar sumir krakkar eru að trufla
- Það er skemmtileg þegar við fáum ís
- Skemmtilegt að fá ís og límmiða fyrir að standa okkur vel
- Skemmtilegt að halda ísveislu þegar við stöndum okkur vel
- Það er leiðinlegt þegar við erum svona lengi í kórnum

Þetta sögðu börnin um að syngja í kór

- Það er mjög gaman á kóræfingum og þegar gengur vel þá fáum við ís
- Það er allt skemmtilegt við það að syngja í kór
- Kóræfingar eru æði og best þegar við fáum ís
- Það er allt skemmtileg að syngja í kór
- Syngja
- Mjög skemmtilegt og skemmtilegast er að syngja Stingum af og Vetranótt
- Það er bara gaman að syngja
- Það er skemmtilegast að fara á Garðatorg að syngja því að þá kemur mamma og pabbi að hlusta
- Það er skemmtilegt að syngja og frábært að fá ís og stundum tvöfalt já og tveir þumlar upp
- Mér finnst skemmtilegast að syngja fyrir fulloröna

Leikskólinn

Hvernig er að vera í leikskóla?



■ Gaman ■ Bæði gaman og leiðinlegt ■ Leiðinlegt

Þetta sögðu börnin um það að vera í leikskóla

- Að leika við vinkonur eða bara við Katrínu því við erum bestu vinkonur
- Gaman en leiðinlegt þegar einhver er að meiða
- Það er gaman að leiks og moka úti
- Það er leiðinlegt að fara út en allt annað er skemmtilegt
- Það er leiðinlegt þegar einhver er að meiða eða fara í fýlu eða gráta
- Gaman í leikskóla að leika og leika við vini sína
- Skemmtilegast að vera í leikskólanum og fara í barbie með vini
- Það er æði að leika við vin, fara í petshop og músunum
- Það er gaman að lita og mála og fara í pony með vinkonu minni og líka að leika með Siggudot
- Það sem er skemmtilegast er að leika við vini sína

Þetta sögðu börnin um það að vera í leikskóla

- Það sem mér finnst skemmtilegast er að leika í Siggudóti, lita, leika við vin, fara í Pony og Petshop
- Mér finnst skemmtilegast að vera inni og í allskonar dóti með vinum mínum
- Skemmtilegast af öllu er að fara í vinnustundir, það er gaman
- Það er gaman að leika við XX, vin minn
- Mér finnst skemmtilegast að vera í dekkjarólunum með vinkonum mínum
- Það er skemmtilegast við það að vera í leikskóla er að leika við vini sína
- Það er gaman að leika við vini og svo að róla, fara í bolta, kastalann og leika við XX, XX, XX, XX
- Skemmtilegast er auðvita að leika við vini sína
- Það er leiðinlegt í leikskólanum því ég hlakka svo til að fara í skóla. En best í leikskólanum er þegar enginn er að skamma mig en mig langar að vera göður
- Það er leiðinlegt þegar einhver er að meiða en gaman þegar ég er að leika við vinkonu mína og enginn er að trufla okkur

Þetta sögðu börnin um það að vera í leikskóla

- Það er gaman að leika við vini sína
- Að leika við vin minn, hann er alltaf að reyna að kyssa mig og það er skemmtilegt
- Það er gaman að leika við krakkana og það er líka gaman að leika í búningunum
- Það er skemmtilegt að spila, leika í Petshop, leika í playmoog leika við vinkonu mína
- Mér finnst skemmtilegast að leika við vinkonur mínar úti
- Það er leiðinlegt í leikskólanum þegar einhver er að stríða
- Það er skemmtilegt úti og klifra í rimlunum og blinda hænna er líka skemmtilegur leikur. Svo að leika við vin en það er leiðinlegt þegar vinir manns eru að stríða manni
- Það er skemmtilegt að leika við vinkonur sínar og leika úti
- Mér finnst mjög gaman að læra í stærðfræðibókinni, líka að leika við vini mína í plúskubbunum
- Það er leiðinlegt að leika sér af því að pabbi og mamma eru alltaf að fara til útlanda